

Árið 2019, fimmtudaginn 21. nóvember, er á dómþingi Héraðsdóms Suðurlands, sem háð er af Sigurði G. Gíslasyni héraðsdómara að Austurvegi 4, Selfossi, kveðinn upp í máli nr. S-188/2019:

Ákærvaldið

(*Elimar Hauksson saksóknarfulltrúi*)

gegn

Guðmundi Andra Ástráðssyni

(*Vilhjálmur H. Vilhjálmsson lögmaður*)

svofelldur

d ó m u r :

Mál þetta er höfðað með ákæru Lögreglustjórans á Suðurlandi, 3. maí 2019, á hendur Guðmundi A. Ástráðssyni, [...],

„I. fyrir umferðarlagabrot

með því að hafa, aðfaranótt fimmtudagsins 26. október 2017, ekið bifreiðinni [...] austur Hásteinsveg á Stokkseyri, sviptur ökurétti og óhæfur til að stjórna bifreiðinni örugglega vegna áhrifa kokaíns (215 ng/ml í blóði).

Teljast brot ákærða varða við 1. mgr., sbr. 2. mgr. 45. gr. a. og 1. mgr. 48. gr. umferðarlaga nr. 50, 1987, sbr. 1. mgr. 100. gr. nefndra umferðarlaga. (318-2017-12129)

II. fyrir vopnalagabrot

með því að hafa, sunnudaginn 29. október 2017, á þáverandi tímabundnum dvalarstað sínum að [...] í Sveitarfélaginu Árborg, án þess að hafa skotvopnaleyfi, án þess að gæta fyllstu varúðar og undir áhrifum amfetamíns, kokaíns, metamfetamíns, alprazolams, klónazepamams og nítrazepamams haft í vörslu sinni haglabyssu af gerðinni Winchester (eintaksnúmer: [...]) sem fannst þar við leit lögreglu umrætt sinn undir sófa í stofu, án umbúða og án þess að ákærði ábyrgðist vörslu skotvopnsins með þeim hætti að óviðkomandi aðili næði ekki til.

Teljast brot ákærða varða við 1. mgr. 20. gr., sbr. 1. mgr. 12. gr., 1. og 2. mgr. 21. gr. og 1. og 2. mgr. 23. gr., sbr. 1. mgr. 36. gr. vopnalaga nr. 16, 1998. (318-2017-12174)

III. fyrir hylmingu og vopnalagabrot

með því að hafa, síðdegis miðvikudaginn 1. nóvember 2017, á þáverandi heimili sínu að [...] í Kópavogi, án þess að hafa skotvopnaleyfi og án þess að gæta fyllstu varúðar haft í vörslu sinni haglabyssu af gerðinni FRANCHI (eintaksnúmer: [...]) sem fannst þar við leit lögreglu umrætt sinn í sófa í stofu, án umbúða og án þess að ákærði ábyrgðist vörslu skotvopnsins með þeim hætti að óviðkomandi aðili næði ekki til. Jafnframt fyrir að hafa haldið umræddu skotvopni með ólögætum hætti frá lögætum eiganda þess, A, en ákærði vissi eða mátti vita að um þýfi væri að ræða. Skotvopninu hafði verið stolið úr geymsluhúsnæði að [...] í Sveitarfélaginu Árborg einhvern tíman á tímabilinu 22.-27. október 2017.

Teljast brot ákærða varða við 1. mgr. 20. gr., sbr. 1. mgr. 12. gr., og 1. og 2. mgr. 23. gr., sbr. 1. mgr. 36. gr. vopnalaga nr. 16, 1998 og 1. mgr. 254. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940. (318-2017-12174)

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar og til að sæta sviptingu ökuréttar samkvæmt 101. og 102. gr. umferðarlaga nr. 50, 1987 með áorðnum breytingum og til greiðslu alls sakarkostnaðar.“

Málið var þingfest 13. júní 2019.

Ákærði neitar sök skv. fyrsta lið ákæru, en játar sök í ákæruliðum II og III.

Aðalmeðferð hófst 21. október 2019 en varð ekki lokið vegna þess í framburði vitna komu fram atriði sem leiddu til þess að leiða þyrfti fyrir dóminn tvö vitni til viðbótar. Framhald aðalmeðferðar fór fram 25. október sl. og var málið dómtekið að henni lokinni.

Þann 14. nóvember 2019 var málið endurupptekið skv. ákvörðun dómara með heimild í 168. gr. laga nr. 88/2008, í því skyni að lagt yrði fram nýtt sakavottorð ákærða, ásamt dómi Landsréttar í málinu nr. 871/2018. Var málflytjendum gefinn kostur á að reifa á ný sjónarmið um ákvörðun viðurlaga og var málið að svo búnu tekið til dóms á ný.

Af hálfu ákærvalds eru þær dómkröfur gerðar sem að ofan greinir.

Af hálfu ákærða er þess aðallega krafist að ákærða verði ekki gerð refsing, en til vara að honum verði gerð vægasta refsing sem lög leyfa. Ákærði krefst þess jafnframt að verða sýknaður af þeirri háttsemi sem honum er gefin að sök í ákærulið I. Þá er gerð krafa um að sakarkostnaður, þ.m.t. málvarnarlaun skipaðs verjanda, greiðist úr ríkissjóði.

Málavextir

Með hliðsjón af því að ákærði hefur játað sök skv. ákæruliðum II og III verður ekki gerð sérstök grein fyrir málavöxtum vegna þeirra ákæruatriða.

Í frumskýrslu lögreglu vegna ákæruliðar I, sem rituð er af B lögreglumanni, segir að lögregla hafi verið við almennt eftirlit á Stokkseyri laust eftir miðnætti aðfaranótt 26. október 2017 og orðið vör við bifreiðina [...] þar sem henni hafi verið ekið á móti lögreglu austur Hásteinsveg. Hafi verið ákveðið að kanna með ástand og réttindi ökumanns og því hafi lögregla snúið við og ekið á eftir bifreiðinni, en þegar ökumaður hafi orðið þess var hafi hann aukið hraðann töluvert. Síðan ekið inn á bifreiðastæði við hús nr. 25 þar sem hann hafi stöðvað aksturinn. Hafi svo ökumaðurinn stigið út og á sama tíma hafi stigið út farþegi úr aftursæti vinstra megin og hafi þeir ætlað að ganga að húsinu. Ökumaðurinn hafi verið áberandi hávaxnari en farþeginn, sem lögregla hafi þekkt sem C. Allt frá því að ökumaðurinn steig út hafi lögregla aldrei misst sjónar af honum uns lögregla hafi gefið sig á tal við hann. Ökumaðurinn hafi verið ákærði og hafi hann verið beðinn að ræða við lögreglu í lögreglubifreiðinni. Hafi ákærði strax sagt að hann hafi ekki verið að aka bifreiðinni. Þegar lögregla hafi verið við bifreið ákærða hafi ökumannsdýrnar verið opnaðar og hafi þar komið út D. Segir að sjá hafi mátt af líkamsstöðu hennar að hún hafi verið að koma sér yfir á milli sæta, þ.e. yfir í ökumannssætið þegar hún hafi opnað hurðina. Hafi ákærði strax sagt að hann hafi ekki verið að aka, heldur hafi D verið ökumaðurinn.

Segir að sterkan áfengisþef hafi lagt frá vitum ákærða og hann því verið fenginn til að blása, en reynst vera undir refsimörkum. Við uppflöngu í lögreglukerfinu hafi komið í ljós að ákærði væri sviptur ökurétti ævilangt og hann hafi nýlega verið stöðvaður í akstri vegna gruns um akstur undir áhrifum ávana- og fíkniefna. Var ákærði handtekinn og fluttur á lögreglustöð á Selfossi og dregið blóð, en jafnframt lét hann í té þvagsýni.

Í matsgerð Rannsóknastofu Háskóla Íslands í lyfja- og eiturefnafræði kemur fram að í blóðsýni ákærða hafi verið 215 ng/ml af kókaíni, auk þess að kókaín hafi líka greinst í þvagsýni ákærða.

Í framburðarskýrslu ákærða, sem hann gaf á lögreglustöð þessa sömu nótt, neitaði ákærði því að hafa verið að aka. Kvaðst hann heldur ekki hafa fengið sér fíkniefni.

Ekki eru efni til að rekja málavexti frekar.

Forsendur og niðurstaða

Með hliðsjón af framlögðum gögnum og skýlausri játningu ákærða er hafið yfir skynsamlegan vafa, sbr. 1. mgr. 164. gr. laga nr. 88/2008, að ákærði hefur gerst sekur um þau brot sem honum eru gefin að sök í ákæruliðum II og III.

Við aðalmeðferð gaf ákærði skýrslu vegna ákæruliðar I og lýsti því að þau hafi verið að keyra, hann sjálfur, D og C inn á Stokkseyri og hafi ætlað í heimsókn til félaga ákærða, E. D hafi setið við stýrið og þau hafi mætt lögreglunni við sjoppuna á Stokkseyri og ekið áfram, en þegar þau hafi stöðvað fyrir utan hjá E við aðalgötuna, þá hafi þau öll stigið út úr bílnum og þá hafi lögreglan komið. D hafi verið við stýrið og ákærði í aftursæti og lögreglan hafi tekið sig og haldið að hann hafi verið að aka og bara tekið hann einan, þó hann hafi m.a.s. bara verið í aftursætinu. Lögreglan hafi talið að þau hafi verið að skipta um sæti. Svo hafi lögreglan farið með sig á Selfoss og í blóðtöku.

Aðspurður kvaðst ákærði hafa setið í aftursætinu þegar lögreglan hafi komið og handtekið sig. D hafi þá verið að taka af sér bílbeltið og fara út úr bílnum. Ákærði hafi þannig ekki verið kominn út úr bílnum þegar hann hafi verið handtekinn.

D hafi verið í ökumannssætinu og C hafi verið aftur í, en kvaðst ekki alveg viss hvort C hafi verið aftur í. Ákærði hafi verið í vinstra aftursæti, beint fyrir aftan bílstjóran.

Aðspurður kvaðst ákærði ekki hafa fundið sérstaklega fyrir áhrifum kókaíns og verið fyllilega áttaður.

Ákærði lýsti því að E og F, félagar ákærða, hafi báðir staðið í dyrunum þegar lögreglan hafi komið og með bláum blikkandi ljósum, þ.e. lögreglan. Þeir hafi komið í útidyrnar um leið og lögreglan hafi rennt í hlaðið og horft á þetta allt saman.

Aðspurður kvaðst ákærði hafa verið í neyslu á þessum tíma, en hafi snúið við blaðinu og feti nú hinn þrönga veg.

Þau hafi verið þrjú í bílnum, en C sé nú látinn.

Fyrst hafi ákærða fundist þetta vera bara eitthvað grín og D hafi strax spurt hvers vegna lögregla væri eiginlega að taka ákærða, en lögregla hafi svarað því til að hún teldi að ákærði hafi verið að aka. Ákærða hafi fundist augljóst að hann hafi ekki verið að aka sjálfur, en samt tekið það strax fram við lögreglu að hann hafi ekki verið að aka. Hann hafi ítrekað verið tekinn undir áhrifum og án ökuréttinda og aldrei þrætt fyrir sínar sakir.

Aðspurður vegna framburðar síns hjá lögreglu kvaðst ákærði ekki muna glögglega hvenær hann hafi fengið sér fíkniefni síðast fyrir handtökuna. Vel geti verið að hann hafi neytt kókaíns nokkrum klukkustundum fyrir handtöku.

Aðspurður kvað ákærði að þau hafi mætt lögreglunni og hún hafi svo komið á eftir þeim og um 2 kílómetrum frá hafi lögreglan komið beint á eftir þeim þegar þau hafi stöðvað bílinn. Þau hafi kannski verið á vettvangi í 2 mínútur áður en lögreglan hafi komið.

Vitnið B lögreglumaður kom fyrir dóminn við aðalmeðferð og skýrði frá því að þau hafi verið akandi á Stokkseyri þegar þau hafi mætt bíl. Hafi þau ákveðið að kanna með ástand og réttindi ökumanns og hafi því snúið við. Hafi bíllinn gefið aðeins í en svo beygt inn á bílastæði þar sem hús hafi staðið aðeins innar í götunni. Hafi bíllinn stoppað þar og þau aldrei misst sjónar á bílnum. Hafi þau svo séð ökumanninn stíga út. Það hafi verið sami maður og hafi verið undir stýri þegar þau hafi mætt bílnum. Það hafi verið ákærði í málinu, en vitnið kvaðst vita hver maðurinn væri. Kvaðst þó ekki muna hvort hún hafi á þeim tíma vitað hver ákærði væri. Það hafi klárlega verið sami maður sem hafi ekið þegar þau hafi mætt bílnum og sem hún hafi haft afskipti af við bílinn eftir aksturinn. Ákvörðun um að kanna með ástand og réttindi ökumanns hafi verið tekin strax þegar þau hafi mætt bílnum. Aðspurð kvaðst vitnið minna að þau hafi haft einhverjar fregnir af þeim áður, en ekki endilega þetta kvöld. Engin umferð hafi verið þarna. Þetta hafi verið svona pickup bíll og verið áberandi.

Nánar aðspurð lýsti vitnið því að bíllinn hafi stöðvað við þetta tiltekna hús og ökumaðurinn hafi stigið út, farþegi í aftursæti ökumanns megin hafi líka stigið út en það hafi verið C og þau hafi þekkt hann í sjón, en hann hafi verið búlduleitari, þreknari og lágvaxnari en ákærði. Þeir séu ólíkir og ekki unnt að ruglast á þeim. Lögreglan hafi ekið að vinstra horni bílsins, þ.e. þau hafi komið aftan að bílnum ökumanns megin. Örstuttu seinna hafi vitnið séð bílinn hreyfast og í kjölfarið hafi D

komið út úr bílnum ökumanns megin. Hún hafi greinilega komið út á óvenjulegan hátt, þ.e. hún hafi snúið þannig að rassinn á henni hafi komið fyrst út og hafi þetta verið áberandi eins og hún hafi ekki setið í ökumannssætinu áður en hún hafi stigið út. Engir aðrir hafi verið við bílinn. Þau hafi ekki hitt neinn annan, en þó hafi staðið maður í útidyrum hússins, en hann hafi aldrei farið niður tröppurnar og þau engin afskipti haft af honum, enda þekkt ökumanninn sem þann ökumann sem þau hafi stöðvað. Þau hafi þekkt farþegann og vitað að ökumaðurinn var ekki kona. Þetta hafi legið algerlega ljóst fyrir. Vitnið hafi ekki verið í nokkrum einasta vafa um þetta. Auk þess hafi þau aldrei misst sjónar á bílnum, en á meðan þau hafi snúið við þá hafi bíllinn ennþá verið á ferðinni þegar þau hafi verið komin fyrir aftan hann. Þau hafi séð bílinn stoppa á bílastæðinu. Ekki mundi vitnið hvort kveikt hafi verið á bláum ljósum lögreglubílsins þegar ekið hafi verið á eftir bílnum, en það væri ekki ósennilegt. Maðurinn í útidyrnunum hafi aldrei getað verið á, eða í, bílnum, enda aldrei komið niður tröppurnar. Útilokað sé jafnframt að D hafi verið ökumaðurinn, en hún sé frekar kvenleg. Það hafi enginn vafi verið á því að ákærði hafi verið ökumaðurinn. Ekki hafi komið sérstaklega til álita að taka vitnaskýrslur af t.a.m. C eða manningnum í dyragættinni og talið óþarft.

Vitnið kvaðst muna þetta vel og hafa almennt gott minni. Auk þess hafi minningin styrkst vegna annarra mála sem hafi komið í kjölfarið. Vitnið kannaðist við að hafa kynnt sér skýrslu sína fyrir skýrslugjöfina við aðalmeðferð, en þá hafi bara komið í ljós að hún myndi þetta fyllilega. Aðspurð kvað vitnið að dimmt hafi verið, en götulýsing. Veður hafi verið stillt og snjólaust. Ekkert hafi verið athugavert við veður sem hefði getað aftrað sýn. Þetta hafi bara verið haustkvöld. Vera kunní að rétt hefði verið að taka vitnaskýrslur, en vitnið hafi talið það óþarft með öllu.

Aðspurð kvaðst vitnið hafa verið að aka lögreglubílnum þegar þau hafi mætt bíl ákærða. Þau hafi séð inn í bílinn. Það hafi verið einhver í farþegasætinu fram í og taldi vitnið að það hafi verið kona, sem sagt D. C hafi verið í aftursætinu, en vitnið hafi ekki séð hann þegar þau hafi mætt bílnum. Hún hafi séð ökumanninn og það hafi verið sami maður sem hafi svo stigið út úr bílnum og komið úr sæti ökumanns. Vitnið lýsti því að C hafi farið út úr bílnum á undan D. Ákærði hafi farið fyrst út, svo C og D síðust. Bæði ákærði og D hafi farið út um dyr ökumanns.

Aðspurð um þann framburð ákærða að hafa setið í aftursæti við handtöku kvað vitnið það ekki vera rétt. Kvaðst vera algerlega viss um að ákærði hafi ekki verið í aftursætinu. Vitnið kvaðst ekki muna eftir sérstökum samræðum við D á vettvangi,

enda hafi verið óþarft að gera það. Aðspurð kvað vitnið að verið geti að D hafi spurt hvers vegna ákærði væri handtekinn en ekki hún, en vitnið kvaðst ekki muna eftir því. Það hafi þó verið þannig að D hafi ekki verið að aka þegar þau hafi mætt bílnum. Aðspurð kannaðist vitnið við að ákærði hafi sagt á vettvangi að hann hafi ekki verið að aka.

Vitnið staðfesti frumskýrslu sína fyrir dómnum.

Vitnið G lögreglumaður gaf skýrslu við aðalmeðferð og skýrði frá því að umrætt sinn hafi þau B mætt umræddum bíl. Vitnið hafi þekkt ökumanninn og þau hafi snúið við til að kanna með ástand hans. Svo hafi þau komið þar sem bíllinn hafi stoppað og þá hafi þau séð tvo stíga út úr bílnum, einn út um dyr ökumanns og farþega út um farþegadyr. Hafi þau farið og haft afskipti af ökumanninum. Aðspurður kvaðst vitnið hafa vitað að ökumaðurinn væri án ökuréttar. Þetta hafi verið ákærði. Sérstaklega aðspurður kvaðst vitnið hafa séð ákærða við aksturinn þegar þau hafi mætt bílnum. Vitnið hafi þekkt ökumanninn sem ákærða og vitað að hann væri sviptur. Þetta hafi verið pickup bíll af gerðinni Ford. Ökumaðurinn og farþeginn hafi farið samtímis út úr bílnum. Farþeginn hafi komið úr aftursætinu. Svo hafi verið kona í farþegasæti, en þegar lögreglumennirnir hafi verið komnir og rætt við ákærða og farþegann, þá hafi ökumannsdyrnar opnast og konan komið út þar. Aðspurður kvaðst vitnið ekki muna hvort einhver hafi setið í farþegasætinu frammí þegar þau hafi mætt bílnum, en athygli vitnisins hafi verið á ökumanninum. Hinn karlmaðurinn í bílnum hafi verið C, en vitnið hafi þekkt þá báða í sjón og með nafni, en C hafi verið áberandi lægri en ákærði. Auk þessara þriggja hafi einhver maður verið þarna og komið út á stigapallinn, en hann hafi ekki verið í bílnum. Vitnið kvaðst ekki muna eftir sérstökum orðaskiptum við aðra þarna en ákærða sjálfan, en vitnið hafi svo farið með ákærða inn í lögreglubílinn. Aðspurður kvað vitnið að þegar ákærði hafi verið handtekinn hafi hann verið kominn út úr bílnum og fram fyrir hann, heldur meira vinstra megin. Vitnið kvaðst muna þetta allt saman og hafa ágætt minni. Vitnið kvaðst minna að ákærði hafi neitað því á vettvangi að hafa ekið sjálfur. Kvaðst ekki muna hvort ákærði hafi bent á einhvern annan sem ökumann. Vitnið kvaðst telja að ljóst hafi legið fyrir hver hafi verið ökumaður og óþarft hafi verið að taka skýrslur af því fólki sem þarna hafi verið, umfram ákærða sjálfan. Vitnið og hinn lögreglumaðurinn hafi séð ákærða aka bílnum þegar þau mættu honum og ekki misst sjónar af bílnum eftir það. Lögreglan hafi komið í beinu framhaldi á eftir bíl ákærða og hafi verið að stöðva þegar ákærði hafi verið að stíga út úr bílnum. Tíminn frá því að bíll ákærða hafi stoppað og þangað til

lögreglubíllinn stoppaði fyrir aftan hann verði talinn í sekúndum. Vafalaust minna en mínúta. Fjarlægðin á milli bílanna þegar þau hafi ekið á eftir ákærða hafi ekki verið mikil, minni en tveir knattspyrnuvellir. Vitnið kvaðst aðspurður iðulega horfa inn í bíla sem hann mæti í vinnunni og þekki orðið marga bíla og andlit vegna vinnu sinnar, sem hann hafi mikinn áhuga á. Þá kvað vitnið aðspurður vafalaust að ákærði hafi ekki setið í aftursæti bílsins þegar hann hafi verið handtekinn, hann hafi verið kominn út úr bílnum. Þá kvaðst vitnið ekki muna sérstaklega eftir því að D hafi rætt við hann á vettvangi.

Vitnið D kom fyrir dóminn við aðalmeðferð og skýrði frá því að þau hafi verið að aka eftir götunni og mætt lögreglu. Vitnið hafi verið að aka. Hún hafi svo lagt bílnum fyrir framan hús og byrjað að snúa við og strákarnir hafi farið út úr bílnum og hún hafi verið að drepa á bílnum og þá hafi lögreglan komið. Ákærði hafi verið við hliðina á bílnum þegar lögreglan hafi komið og hafi ákærði strax verið tekinn og lögregla ekki yrt á vitnið þar sem hún hafi setið í bílstjórásætinu. Vitnið kvaðst hafa séð lögreglubíllinn snúa við þegar þau hafi mætt honum og aka svo á eftir þeim í beinu framhaldi. Nánast allir hafi verið komnir út úr bílnum þegar lögreglan hafi komið, nánar tiltekið hafi það verið ákærði, F og C. Aðspurð hver hafi setið hvar í bílnum kvað vitnið að ákærði hafi setið aftur í vinstra megin og C við hlið hans. Þá hafi F verið í farþegasæti frammí. Vitnið kvaðst ekki muna til þess að hafa neitt talað við lögregluna á vettvangi. Vitnið hafi verið að stíga út og loka dyrunum á bílnum þegar lögreglan hafi tekið ákærða. Þetta hafi allt tekið mjög skamman tíma. Vitnið hafi bara stigið út úr bílnum á venjulegan hátt. Vitnið kvaðst halda að hún hafi verið stopp á bílastæðinu a.m.k. eina mínútu þegar lögreglan hafi haft afskipti af ákærða. Þarna hafi E líka verið, eigandi hússins sem þau hafi verið að fara í. Hann hafi staðið á tröppunum og hafi séð þau renna í hlað. Aðspurð hvort hún hafi tjáð lögreglu á vettvangi að hún hafi verið ökumaður en ekki ákærði kvað vitnið að lögregla hafi ekki gefið henni neitt ráðrúm til þess. Hafi verið líkast því að lögreglan hafi bara ákveðið að ákærði hafi verið ökumaðurinn. Vitnið kvaðst ekki hafa verið undir áhrifum þetta sinn og þess vegna hafi hún verið ökumaður. Vitnið kvaðst alveg viss um að ákærði hafi verið kominn út úr bílnum þegar hann var handtekinn. F hafi þá verið að fara út úr bílnum.

Aðspurð um þann framburð vitnisins C að vitnið hafi stigið skringilega út úr bílnum kvað vitnið þetta vera stóran bíl og upphækkaðan og vitnið sé með slæmt hné

og lágvaxin og því hafi þetta getað virst skringilegt. Aðspurð neitaði vitnið því að ákærði hafi beðið hana um að segja annað en sannleikann fyrir dómnum.

Ákærði kom aftur fyrir dómnum og óskaði eftir að gera grein fyrir því að eftir að hlýða á framburð lögreglumannanna hafi rifjast upp fyrir honum að hann hafi verið kominn út úr bílnum og staðið fyrir framan bílinn, þegar lögreglumennirnir hafi komið að. Aðspurður um hverjir hafi verið í bílnum kvað ákærði að D hafi ekið, F hafi verið við hlið hennar, ákærði hafi verið fyrir aftan D og C við hlið ákærða.

Vitnið F kom fyrir dómnum við aðalmeðferð og skýrði frá því að hafa verið í heimsókn hjá E á Stokkseyri, þangað til D hafi komið þangað og hafi hún sagt þeim frá því að ákærði hafi verið handtekinn. Meira kvaðst vitnið ekki vita um þetta. Vitnið kvaðst ekki muna til þess að hafa séð neina lögreglumenn á vettvangi og kvaðst ekki hafa orðið vitni að neinum akstri. Kvaðst vitnið heldur ekki muna neitt eftir því hvað D hafi sagt um þetta og hvort hún hafi rætt eitthvað um það hvers vegna ákærði hafi verið handtekinn. Vitnið kvaðst stórefa að E hafi séð eitthvað frekar. Kvað vitnið að þeir E hafi ekki farið neitt út þarna og hafi þeir verið inni þegar D hafi komið inn, en vitnið minnti að D hafi komið ein inn. Vitnið kvaðst aðspurður ekki hafa verið farþegi í bílnum. Kvaðst aðspurður hafa þekkt C, en myndi ekki hvort hann hafi hitt C þetta kvöld.

Vitnið E kom fyrir dómnum við aðalmeðferð og kannaðist við að hafa hitt ákærða þetta kvöld. Hafi vitnið verið heima hjá sér með F að taka upp tónlist. Annað hvort vitnið eða F hafi verið búinn að ræða við þetta fólk um að kíkja í heimsókn. Minnti vitnið að F hafi svo farið til dyranna þegar bankað hafi verið. Hafi svo vitnið séð út um gluggann blikkandi ljós. Svo hafi D komið inn og sagt að ákærði hafi verið handtekinn. Vitnið kvaðst engan akstur hafa séð og enginn hafi minnst neitt á það. Vitnið kvaðst ekki muna til þess að hafa rætt sérstaklega við D, en hún hafi mest megnis verið í símanum. Vitnið kvaðst hafa þekkt C og kvaðst muna að hann hafi verið þarna. Vitnið kvaðst aðspurður ekki muna til þess að hafa staðið utan dyra þá er ákærði hafi verið handtekinn. Kvaðst heldur ekki muna til þess að F hafi verið farþegi í þessum bíl og sé það útilokað.

Samkvæmt því sem að framan er rakið hefur ákærði neitað því að hafa verið ökumaður umrætt sinn og kveður hann D hafa ekið bílnum, en þetta hefur D líka borið um. Í framburði þeirra beggja eru þó atriði sem stangast á við annað sem komið er fram í málinu, aukin heldur að framburður þeirra hefur ekki verið fyllilega stöðugur um þessi atvik. Þannig lýsti ákærði því í byrjun að þau hafi verið þrjú á ferð, þ.e. hann,

D og C, en seinna í skýrslunni bar ákærði ákveðið um það að F hafi líka verið í bílnum, sem stenst ekki að virtum framburði F sjálfs, framburði E og beggja lögreglumannanna. Þá hefur ákærði bæði lýst því að hafa verið inni í bílnum þegar hnn var handtekinn, sem og því að hafa verið kominn út úr bílnum þegar lögreglan hafði af honum afstkipti, sem er í samræmi við framburð lögreglumannanna. Vitnið D hefur borið ákveðið um að F hafi verið í bílnum þetta sinn, en eins og að framan greinir stenst það ekki. Þá lýsti D því í upphafi að hafa stigið eðlilega og venjulega út úr bílnum, en eftir að borinn var undir hana framburður lögreglu um að hún hafi stigið skringilega út úr bílnum, vegna þess að hafa ekki verið sitjandi í ökumanns sætinu, þá hafði hún á því þær skýringar að hún væri lágvaxin og bíllinn stór, sem þykja ótrúverðugar.

Lögreglumennirnir C og G hafa bæði gefið rækilegan og ítarlegan framburð í málinu fyrir dómi, en ekki er að finna misfellur í framburði þeirra. Þau hafa bæði borið um það að hafa séð ákærða undir stýri umrætt sinn, sem og að hafa séð ákærða stíga út um ökumannsdyr bílsins eftir að akstrinum lauk, en þau hafa lýst því að hafa ekki misst sjónar á bílnum frá því þau mættu honum uns hann stöðvaðist. Framburður þeirra um það hverjir voru í bílnum er auk þess í mun betra samræmi við það sem fram er komið í málinu, heldur en framburður ákærða og D.

Að framansögðu virtu þykir vera hafið yfir skynsamlegan vafa að ákærði hefur, þrátt fyrir neitun sína og framburð vitnisins D, gerst sekur um þá háttsemi sem honum er gefin að sök í þessum ákærulið og er háttsemi hans réttilega færð til refsíákvæða í ákærinni. Er rétt að geta þess hér að ekki hefur það áhrif á sönnunarmatið í málinu að ekki hafi verið teknar skýrslur af vitnum í upphafi, en á því hafa lögreglumenn sem komu fyrir dóminn gefið réttmætar skýringar.

Hefur ákærði unnið sér til refsingar.

Samkvæmt framlögðu sakavottorði ákærða, dags. 14. nóvember 2019, á ákærði verulegan sakaferil að baki og hefur hann 14 sinnum verið dæmdur fyrir refsiverða háttsemi og nær sakaferillinn aftur til ársins 2005. Eru dæmdar fangelsisrefsingar rúmlega 6 ár samtals, allt saman óskilorðsbundið, fyrir ýmis brot, en allt frá árinu 2007 hefur ákærði aðeins verið sakfelldur fyrir brot gegn umferðarlögum og lögum um ávana- og fíkniefni. Þann 9. desember 2005 var ákærði dæmdur í 30 daga fangelsi og til að greiða fésekt kr. 20.000, fyrir ölvunarakstur og of hraðan akstur. Var þá jafnframt sviptur ökurétti ævilangt. Þann 31. ágúst 2006 var ákærði dæmdur í 65 daga fangelsi fyrir ölvunarakstur og akstur sviptur ökurétti. Jafnframt

sviptur ökurétti ævilangt. Þann 4. október 2006 var ákærði dæmdur í 30 daga fangelsi fyrir ölvunarakstur og akstur sviptur ökurétti. Var dómurinn hegningarauki og ævilöng ökuréttarsvipting áréttuð. Þann 7. júní 2007 var ákærði dæmdur í 2 ára fangelsi fyrir stórfelld fíkniefnabrot. Þann 13. október 2010 var ákærði dæmdur í 45 daga fangelsi fyrir akstur sviptur ökurétti, akstur undir áhrifum ávana- og fíkniefna auk ávana- og fíkniefnabrot. Þann 23. desember 2010 var ákærði dæmdur til að greiða fésekt kr. 200.000 fyrir ávana- og fíkniefnabrot. Þann 16. nóvember 2011 var ákærði dæmdur í 60 daga fangelsi fyrir akstur sviptur ökurétti. Þann 18. desember 2012 var ákærði dæmdur í 5 mánaða fangelsi fyrir ávana- og fíkniefnabrot, akstur undir áhrifum ávana- og fíkniefna auk aksturs sviptur ökurétti. Var ævilöng ökuréttarsvipting áréttuð. Þann 10. janúar 2013 var ákærði dæmdur í 2 mánaða fangelsi fyrir akstur undir áhrifum ávana- og fíkniefna, akstur sviptur ökurétti og önnur umferðarlagabrot. Var ákærði jafnframt sviptur ökurétti ævilangt. Þann 14. október 2013 var ákærði dæmdur í 7 mánaða fangelsi fyrir akstur undir áhrifum ávana- og fíkniefna og akstur sviptur ökurétti. Var ævilöng ökuréttarsvipting áréttuð. Þann 27. mars 2014 var ákærði dæmdur í 2 mánaða fangelsi fyrir akstur sviptur ökurétti og akstur undir áhrifum ávana- og fíkniefna. var dómurinn hegningarauki og ævilöng ökuréttarsvipting ákærða áréttuð. Þann 14. mars 2016 var ákærða veitt reynslulausn, skilorðsbundið í 2 ár, á 270 daga eftirstöðvum fangelsisrefsinga síðast talinna 5 dóma. Þann 27. nóvember 2014 var ákærði sakfelldur fyrir ávana- og fíkniefnabrot en ekki gerð sérstök refsing. Þann 24. maí 2018 var ákærði dæmdur í Hæstarétti í 17 mánaða fangelsi fyrir akstur undir áhrifum ávana- og fíkniefna og akstur sviptur ökurétti. Var framangreind reynslulausn dæmd upp vegna skilorðrofs. Var ákærði sviptur ökurétti ævilangt. Var í málinu til áfrýjunar dómur Landsréttar 23. mars 2018 en þar hafði verið til áfrýjunar dómur héraðsdóms frá 23. mars 2017. Loks var ákærði dæmdur í 9 mánaða fangelsi í Landsrétti þann 8. nóvember 2019 fyrir akstur undir áhrifum ávana- og fíkniefna, akstur sviptur ökurétti og ölvunarakstur auk annarra umferðarlagabrot, en í málinu var til áfrýjunar dómur héraðsdóms frá 7. nóvember 2018.

Brot ákærða nú eru framin 26. október 2017, 29. október 2017 og 1. nóvember 2017. Þrátt fyrir að þau hafi öll verið framin fyrir dómsuppsögur í Landsrétti og Hæstarétti dagana 23. mars 2018 og 24. maí 2018 þá voru þau öll framin eftir uppsögu dóms í héraði þann 23. mars 2017 og kemur því ekki til álita að beita 78. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 vegna þeirra dóma, sbr. dóm Landsréttar 8. nóvember 2019, en hér ber þess að geta að bæði í Landsrétti og Hæstarétti var staðfest niðurstaða

héraðsdóms 23. mars 2017 um sakfellingu og ákvörðun viðurlaga. Brot ákærða nú eru hins vegar öll framin fyrir uppsögu dóms í Landsrétti 8. nóvember 2019 sem staðfesti dóm héraðsdóms frá 7. nóvember 2018 og ber að beita 78. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 vegna þeirrar refsingar. Það athugast að sú umfjöllun sem dómur Hæstaréttar frá 24. maí 2018 hefur fengið í dómi Mannréttindadómstóls Evrópu getur ekki haft áhrif á þetta, enda hefur dómur Hæstaréttar Íslands ekki verið endurupptekinn og er því gildur að lögum.

Við ákvörðun refsingar ber jafnframt að hafa hliðsjón af 77. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Að framansögðu virtu og teknu tilliti til sakaferils ákærða að öðru leyti þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin fangelsi í 8 mánuði sem ekki kemur til álita að skilorðsbinda að neinu leyti.

Þá ber að svipta ákærða ökurétti ævilangt skv. tilvitnuðum ákvæðum umferðarlaga nr. 50/1987.

Samkvæmt 235. gr. laga nr. 88/2008 ber að dæma ákærða til greiðslu sakaarkostnaðar, en skv. framlögðum yfirlitum um útlagðan sakarkostnað nemur hann kr. 335.159 og ber ákærða að greiða þann kostnað, ásamt málsvarnarlaunum skipaðs verjanda síns, Vilhjálms H. Vilhjálmssonar lögmanns, kr. 737.800 að meðtöldum virðisaukaskatti, ásamt ferðakostnaði verjandans, kr. 39.600.

Sigurður G. Gíslason héraðsdómari kveður upp dóm þennan.

D Ó M S O R Ð :

Ákærði, Guðmundur Andri Ástráðsson, sæti fangelsi í 8 mánuði.

Ákærði er sviptur ökurétti ævilangt.

Ákærði greiði sakarkostnað, alls kr. 1.112.559, þ.m.t. málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Vilhjálms H. Vilhjálmssonar lögmanns, kr. 737.800 og aksturskostnaður verjandans, kr. 39.600.

Sigurður G. Gíslason